

Nr. 18-117 S 074 Faldur**Farþegi slasast við fall**

Skipaskr.nr. 1267
 Smíðaður: Vestmannaeyjum 1972, Eik
 Stærð: 17,91 brl. 25,58 bt.
 Mesta lengd: 14,54 m Skráð lengd: 14,22 m
 Breidd: 4,08 m Dýpt: 1,56 m
 Vél: Scania 113 kW 1972
 Fjöldi skipverja: 2
 Farþegar: 14



Faldur ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi þann 1. febrúar 2019 af Geirþríði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli


Atvikalýsing:

Þann 25. júní 2018 var Faldur á siglingu í hvalaskoðunarferð með farþega á Skjálfaflóa. Veður: SV 6 - 7 m/sek og erfitt sjólag.

Á siglingunni féll einn farþeginn aftur fyrir sig á þilfarið en þegar til hafnar var komið kom í ljós að hann átti erfitt með að stíga í vinstri fótinn og hann kvartaði undan eymslum í baki. Hann var fluttur á sjúkrahús þar sem í ljós kom að farþeginn hafði tagnað á fætinum.

Við rannsókn kom fram:

- að farþeginn sat á upphækkun (húsi) fyrir miðjum bátum en var ekki með fætuna á fótþrepi sem var utan á henni. Þegar báturinn tók bb veltu féll hann niður á þilfarið sem var um 75 cm fall. Fyrst eftir fallið kenndi hann sér ekki meins;
- að skipstjóri og fararstjóri höfðu gefið fyrirmæli um að farþegar héldu sig aftarlega á bátum, sökum veðurs, en hinn slasaði hafi ekki hlýtt því;
- að farþeginn var franskur ríkisborgari og vegna tungumálaerfiðleika gat hann lítið tjáð sig um atvikið.



Þilfarið bb.megin þar sem farþeginn sat

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.